

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunnaskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 24. TBL.

26. FEBRÚAR 2010

Skólaping haldið í Setbergsskóla í dag

Í dag var haldið skólaping í Setbergsskóla. Hugmyndin að skólapingi kviknaði síðastliðið haust þegar skólaráð skólans var að móta starfsáætlun sína fyrir veturinn en eitt af verkefnum skólaráðs er að halda opinn fund með þátttöku allra sem að skólasamfélaginu koma. Einnig ber skólaráði að fjalla um starfsáætlun og stefnu skólans og eftir að hugmyndin um skólaping fór að þróast þá var ákveðið að taka út þá þætti sem sérstaklega snúa að samskiptum heimilja og skóla og skoða sýnileika þeirra í starfinu, hvað væri gert vel og hvað væri hægt að gera betur. Til skólapingins var svo boðað starfsfólk skólans (það var skipulagsdagur þennan dag), stjórn foreldrafélags og bekkjarfulltrúar auk annarra foreldra sem áhuga höfðu á því að mæta. Alls tóku tæplega 70 manns þátt í þinginu.

Dagskrá skólapingins var:
Kl. 8:00 – 8:20: Tilgangur og stutt kynning, farið yfir þá þætti sem til skoðunar voru.

Kl. 8:20 – 9:00: Hópvinna – starfsmenn skólans og foreldrar unnu saman í hópum.

Kl. 9:00 – 9:30: Samantekt og hópaskil.

Gæsla var í boði fyrir yngstu börnin ef foreldrar þurftu á því að halda.

Þingfulltrúum var skipt í 6 hópa og hver og einn hópur fékk eitt viðfangsefni. Viðfangsefni hópanna voru þessi:



1. Samkvæmt lögum um grunnskóla skal starfrækja foreldrafélag.

2. Jafnan skal viðhafa markvisst upplýsingaflæði milli heimila og skóla:

Halda skal úti virkri heimasíðu sem uppfærð er reglulega. Hafa skal öflugt upplýsingaflæði innan skólans og út á við.

3. Foreldrum skal boðið upp á fræðslu.

4. Upplýsa skal foreldra um stefnu skólans og leiðarljós og kynna fyrir þeim bekkja- og skólareglur.

5. Bjóða skal upp á góða aðstöðu til félagsstarfa í samstarfi skóla og Setursins, með öflugum félagslífi í skólanum og skólaferðalögum og vettvangsferðum.

6. Áhersla skal lögð á að



börnunum líði vel í skólanum.

Hver hópur fékk 40 mínútur til að fjalla um sitt viðfangsefni og notaði SVÖT – greiningu til að greina viðfangsefni sitt. Niðurstöður Skólapingins verða dregnar saman og kynntar foreldrum. Sömuleiðis verður úrbótaáætlun gerð því margar gagnlegar ábendingar komu fram um skólastarfið og umræður voru uppbyggilegar og góðar.



Mjöll Flosadóttir (t.v.) var fundarstjóri en skólastjóri og aðstoðarskólastjóri skipulögðu og stýrðu skólapingi í samráði við skólaráð.



FRÉTTIR

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfni

» Frá **Námshagstofnun: Fingrafimi** er nýr vefur, fyrir yngsta stig, sem kennir og þjálfar fingrasetningu. Hann er á vefslóðinni: <http://www.nams.is/fingrafimi/>. Á vefnum eru samtals 12 æfingar í heimalyklunum, e, h, i, o, b, n, r, o, brodd- og hástöfum. Í hverri æfingu eru sex til fimmtán verkefni. Nemendur eru minntir á rétta líkamsstöðu og að horfa ekki á lykklaborðið. Leiðbeiningar með öllum verkefnum eru lesnar upp af Sigrúnu Eddu Björnsdóttur. Inga María Brynjarsdóttir teiknaði myndirnar. Höfundur verkefna er Sólveig Friðriksdóttir. Það er hægt að prenta út skráningarblöð fyrir nemendur af vefnum. Kennsluleiðbeiningar eru væntanlegar fljótlega.



» Frá **Mennta- og menningarmálaráðuneyti**: Auglýst er laust til umsóknar styrkir til stuðnings við dönskukennslu á Íslandi. Umsóknarfrestur er til 6. apríl nk. Sótt er um á vef ráðuneytisins. Hægt að sækja um verkefni til fjögurra flokka: (1) endurmenntunarnámskeið fyrir dönskukennara í grunn- og framhaldsskólum, (2) námsefnisgerð í dönsku fyrir grunn- og framhaldsskóla, (3) rannsóknir og þróunarstarf á sviði náms og kennslu í dönsku sem erlendis tungumáls og (4) vitundarvakning um mikilvægi dönskukunnáttu fyrir Íslendinga.



Námskeiðahaldið næstu tvær vikur



Námskeið

Fyrri vika

Mánudagur 1. mars:

- Námskeið 204, **Skólastjórnandin og jafnréttisfræðsla**, kl. 13-17 í fyrirlestrarsal Hvaleyrarskóla.
- Námskeið 503, **Jafnréttisfræðsla í skólastarfi grunnskóla**, kl. 15-17 í fyrirlestrarsal Hvaleyrarskóla. 4. tími.
- Námskeið 607, **Tónlist í útikennslu, kynningum og spuna**, kl. 15-17 í Flataskóla, Garðabæ. Seinni tími (en fyrri tíma gleymdist að kynna í síðasta **Skólavefriti**).

Þriðjudagur 2. mars:

- Námskeið 504, **Samvirkt nám í fjölbreyttum nemendahópi**, kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn. Fyrsti tími.

Miðvikudagur 3. mars:

- Námskeið 105, **Skapandi tungumálanám**, kl. 15-16.30 í Menntasetrinu við Lækinn. Seinni tími.

Fimmtudagur 4. mars:

- Námskeið 605, **Útskurður í flattré**, kl. 16-19 í Menntasetrinu við Lækinn (smíðastofa á skólalóð). 4. og síðasti tími.

Seinni vika

Mánudagur 8. mars:

- Námskeið 204, **Kynning á TEACCH – skipulögðum vinnubrögðum í kennslu einhverfra og nemenda á einhverfurófi**, kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn. Fyrri tími.



Tilkynning vikunnar

Skólavefritið tekur nú smá frí og kemur ekki næst út fyrr en að tveimur vikum liðnum.

Næsta blað **Skólavefritsins** er væntanlegt föstudaginn **12. mars 2010**

VEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/